

Fundargerð

18. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 9. apríl 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin, en drög af ársreikning voru send stjórnarmönnum. Fundargerðir tveggja síðustu funda ekki komnar fram, ritara veittar ákúrir. Lofar hann bót og betrun.

2. ÍSÍ þing – Fulltrúar

Tilkynnt um mannbreytingu af hálfu FRÍ. Gjaldkeri forfallast, mun varaformaður koma í staðinn, en auk hans mæta formaður og ritari á þingið sem fulltrúar FRÍ.

3. Afreksmál FRÍ

Afreksstjóri ræddi afreksúthlutun 2019. Rætt um fyrri og seinni úthlutun. Rætt um endurskoðun á reglugerðinni í sumar. Rætt um undirbúnings- og starfshóp afreksstjóra. Rætt um afreksmál almennt m.a. unglingsflokka. Málinu vísað í heild sinni til næsta fundar þar sem afreksstjóri mun gera grein fyrir tillögum.

4. Opinn formannafundur – 10. maí 2019

Ákveðið að fresta fundinum 10. apríl, en þátttökutilkynningar voru fáar. Nýr dagur er föstudagur 10. maí kl. 18.00. Þjóða líka upp á Skype, mat og nýja spennandi dagskrá, auk fastra liða. Fundurinn er opinn og stendur frá kl. 18.00 – 21.00. Senda boð strax.

5. Starfshópur um hlaupaverkefni

Formaður hópsins gerði grein fyrir áfangaskýrslu. Rætt hefur verið við nokkrar fastanefndir. Næsta skref er að setja áfangaskýrsluna fram að fullu innan stjórnar og í almenna kynningu og umræðu á formannafundinum.

6. Starfsmannamál

Formaður og framkvæmdastjóri gera grein fyrir ráðningarmálum á verkefnastjóra, en stjórn hafði gefið heimild til ráðningar. Málið er í vinnslu.

7. Fjármál, endurskoðun fjárhagsáætlunar – Ársreikningur 2018

Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikning 2018, umræða og vísað til skoðunarmanna. Vísað til staðfestingar á næsta stjórnarfund. Gjaldkeri gerði grein fyrir hugmyndum að endurskoðun fjárhagsáætlunar. Vísað til fjárhagsnefndar og til umræðu á næsta fundi.

6. Önnur mál

- GDPR. Ný persónuverndarlöggjöf 2018. Rætt um fræðsluhorn ÍSÍ.
- Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um störf mannvirkjanefndar.
- Rætt um Asana verkefnisstjórnuarkerfið.
- Sagt frá að reglugerðarbreytingu um Sérnotkun sem send var á aðiladráðgjöf 6. apríl sl. til umsagnar sbr. vinnureglur stjórnar.

e. Vallarmál í Kópavogi. Framkvæmdastjóra og ritara falið að setja saman erindi til bæjarráðs Kópavogs vegna vallarmála.

f. Tillaga á ÍSÍ þing frá FRÍ um starfsnefnd um stafræn upplýsingakerfi.

g. ÍBH þing. Boð á þingið 11. maí. Varaformaður mun flytja kveðju FRÍ til ÍBH.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:10 með því að Freyr formaður söng lagið Manana með Bay City Rollers frá 1972.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.